



Rýni á vinnuferli Skipulagsstofnunar við mótun tillögu að landsskipulags- stefnu 2013-2024

Samantekt rýnihópa og netkönnunar
Ágúst 2013

Efnisyfirlit

1	Samantekt	1
2	Inngangur	4
3	Tilgangur	4
4	Vinnuferli Skipulagsstofnunar	5
5	Nálgun verkefnis	6
6	Rýni á vinnuferli	7
7	Ferlið	9
8	Samráð og samráðsvettvangur	12
9	Skipulagslýsing	16
10	Sviðsmyndir	17
11	Umhverfisskýrsla	19
12	Athugasemdir og viðbrögð við mótun tillögu	20
13	Traust og trúverðugleiki	22
14	Ráðgjafarnefndin	24
15	Gögn og aðgengileiki	26
16	Niðurstaða	27

1 Samantekt

Í fyrsta sinn hefur verið unnin tillaga að landsskiplagsstefnu á Íslandi. Skipulagsstofnun ákvað í kjölfar vinnu stofnunarinnar að rýna ferli við mótun landsskiplagsstefnu til að draga lærdóm af ferlinu og betrubæta verklag við framtíðaráætlanagerð.

Ákveðið var að byggja rýnina á sjónarmiðum og viðhorfi þátttakenda í ferlinu og voru þátttakendur annars vegar boðaðir á rýnifundi og hins vegar var gerð netkönnun. Áhersla var lögð á ákveðna þætti ferlisins sem voru (1) ferlið sjálft, (2) samráð við mótun tillögunnar, (3) skipulagslýsing og matslýsing, (4) sviðsmyndagreining, (5) umhverfisskýrsla, (6) möguleiki til að gera athugasemdir og viðbrögð við þeim, (7) traust og trúverðugleiki vinnunnar og (8) ráðgjafarnefndin.

Þessi skýrsla er samantekt á þeim viðbrögðum, ábendingum og hugleiðingum sem komu fram á rýnifundum og í netkönnun við ofangreindum þáttum.

Ferlið

Flestir í rýnihópum voru þeirrar skoðunar að ljóst var að um ferli væri að ræða, sem lyki með tillögu að landsskiplagsstefnu. Almennt var sú skoðun ráðandi að ferlið hafi verið mjög opið og að framvinda þessi hafi verið skýr og vel stýrt af Skipulagsstofnun. Engu að síður komu ábendingar um að skerpa ætti á tilgangi einstakra þrepa vinnunnar og kynna betur hver væri tilgangur þeirra ásamt því hvernig yrði unnið úr þeim upplýsingum sem kæmu fram á fundum sem haldnir voru á vegum Skipulagsstofnunar.

Nær allir í rýnihópum töldu þann tíma sem áætlaður var í vinnu við mótun landsskiplagsstefnu alltof skamman. Margir töldu að verkefnið hafi að einhverju leiti liðið fyrir það.

Helstu ábendingar um það sem má gera betur eða lagfæra við mótun landsskiplagsstefnu snúa að því að gefa meiri tíma við mótun landsskiplagsstefnu, ásamt því að kynna betur og útskýra tilgang funda og huga að því að jafna aðgengi ólíkra aðila að ferlinu. Þátttakendur lögðu til að boða til fleiri og smærri funda, til að ná fram meiri dýpt í umræður um einstök viðfangsefni og tryggja faglegri grunn í því sem kemur úr samráðsferlinu inn í landsskiplagsstefnuna.

Samráð

Almennt voru rýnihópar sammála því að ferlið hafi verið opið, auðvelt hafi verið að gera athugasemdir og hjá flestum var tilgangur með samráði Skipulagsstofnunar í ferlinu skýr. Fram kom að ferlið sem Skipulagsstofnun lagði upp með hafi verið til fyrirmyndar. Ýmsir sögðu þessa nálgun vera til þess að þátttakendum fannst þeir vera raunverulegir þátttakendur í mótun tillögunnar.

Það var talsverð umræða í hópnum um að það fylgi því ákveðnir gallar að hafa ferlið svona opið og að samráðið fór oft fram á mannmörgum fundum. Talsvert var rætt um vægi hópstjóra og að samantekt þeirra á fundum hafi ekki endilega náð að endurspegla sjónarmið meirihlutans eða umfjöllun sem átti sér stað á fundinum. Þá var bent á að ekki hafi verið ljóst hvernig Skipulagsstofnun hefði notað afurðir fundanna í vinnu sinni.

Það komu margar ábendingar um mikilvægi þess að ræða einstök málefni í smærri hópum og að Skipulagsstofnun ætti að sjá um hópstjórahlutverkið til að tryggja betur að flest sjónarmið skili sér inn í mótun landsskiplagsstefnu.

Lýsing verkefnis og matslýsing

Megin niðurstaðan rýninnar var sú að mjög fáir kynntu sér efni lýsingarinnar. Þeir sem höfðu gert það töldu þetta mikilvægan þátt í ferlinu m.a. til að tryggja að nauðsynleg gögn yrðu lögð fram til grundvallar stefnunnar.

Sviðsmyndir

Viðbrögð þátttakenda var almennt á þá leið að ánægja var með þá nálgun að bera saman ólíkar sviðsmyndir og áhrif þeirra á umhverfið. Með samanburði á sviðsmyndum komu fram ólík sjónarmið, sem mikilvægt var að ræða á hreinskiptin hátt.

Talsverð umfjöllun var um mótun sviðsmyndanna. Rætt var um að frekari upplýsingar þurfi að liggja fyrir forsendum sviðsmynda og rökstuðningi fyrir inntaki þeirra. Einnig bentu nokkrir þátttakenda á mikilvægi þess að gefa meiri tíma við úrvinnslu og samanburð sviðsmynda, þar sem hann væri ákveðinn grunnur að hinni eiginlegu landsskipulagsstefnu.

Helstu ábendingar um það sem má gera betur voru að skerpa á tilgangi með mótun og rýni sviðsmynda og skýra betur út hvernig umfjöllun um þær verði notuð við val á sviðsmynd í tillögu.

Fram komu ábendingar um að skoða aðra aðferðafræði við mótun og samanburð sviðsmynda. Megin tilgangur með að skoða aðra nálgun er að fá fram fleiri sjónarmið fyrir hverja sviðsmynd. Einnig komu nokkrar ábendingar þess efnis að gefa þurfi lengri tíma við mótun og samanburð sviðsmynda. Um er að ræða mjög mikilvægan þátt í ferlinu og því þarf að ræða sum málefni oft og dýpra.

Umhverfisskýrsla

Niðurstaða rýnihópanna var sú að fáir lásu og kynntu sér umhverfisskýrsluna í ferlinu. Þeir sem höfðu gert það töldu að umhverfismatið hefði haft áhrif á mótun tillögunnar. Hins vegar kom fram að þó nokkrum var ekki ljóst hver væri tilgangur matsvinnunnar og hvernig ætti að nýta umhverfisskýrsluna við mótun landsskipulagsstefnu.

Ábendingar komu um að skerpa þurfi á tilgangi umhverfismats og tengslum þess við áætlanagerð. Fram komu ábendingar um að fjalla ítarlegar um umhverfisáhrif einstakra þátta og fá sérfræðinga til að fara yfir matið á mögulegum áhrifum.

Tækifæri til að koma að athugasemdum

Það var skýr niðurstaða hjá þátttakendum að auðvelt hefði verið að koma að athugasemdum í ferlinu við mótun landsskipulagsstefnu og að viðbrögð Skipulagsstofnunar hafi verið skýr, þótt aðilar hafi ekki alltaf verið sammála viðbrögðunum. Einnig voru margir á því að tekið hafi verið mið af athugasemdum við mótun tillögunnar.

Það kom fram hjá flestum að á endanum hafi framsetning Skipulagsstofnunar á framkomnum athugasemdum og viðbrögðum hennar verið góð og til þess fallin að auðvelt var að sjá hvernig tekið var á athugasemdum.

Þó nokkrir bentu á að Skipulagsstofnun hafi í ferlinu lagt fram mikið af gögnum og það hafi verið erfitt og tímafrekt að fara í gegnum þau öll. Þar af leiðandi hafi ekki gefist nægur tími til að kynna sér öll gögn og því verið nauðsynlegt að einbeita sér að þeim þáttum sem þátttakendur töldu mikilvægasta.

Ábendingar um betrubætur snéru m.a. að því að Skipulagsstofnun stýrði betur hvað færi í dreifingu og gefa skýran tíma til ábendinga og athugasemda. Þá komu fram tillögur að skýrari framsetningu á breytingum, sem myndi spara talsverðan tíma, ef ljóst er hvað breytist á milli útgáfu.

Traust og trúverðugleiki

Almennt voru þátttakendur mjög jákvæðir gagnvart ferlinu og töldu Skipulagsstofnun nálgast verkefnið á faglegan hátt. Með þessari nálgun sinni hafi ferlið verið mjög opið og tekist að skapa traust og trúverðugleika á ferlið í heild sinni.

Fram komu nokkrar ábendingar þess efnis að endanleg tillaga, þ.e. þingsályktunartillaga, mun koma til með að hafa talsverð áhrif á það hversu trúverðugt hið opna samráðsferli verður að lokum.

Ráðgjafarnefndin

Talsverð umræða var um hlutverk og tilgang ráðgjafarnefndarinnar. Samkvæmt lögum var hlutverkið nokkuð ljóst, en í vinnunni sjálfri var stundum óljóst hver væri ábyrgð nefndarinnar. Var nefnt að ekki var ávallt ljóst hvort nefndin væri til ráðgjafar eða til að taka ákvörðun og þ.a.l. ábyrgð á landsskipulagsstefnu.

Fulltrúar voru sammála um að tíminn sem var áætlaður fyrir vinnunna var alltof knappur, sem hafði m.a. þær afleiðingar að gögn frá Skipulagsstofnun bárust seint og erfitt að mæta nægilega undirbúinn fyrir fundi nefndarinnar. Bent var á að gefa meiri tíma í nefndinni við mótun tillögunnar.

Varðandi samskipti við Skipulagsstofnun voru fulltrúar ráðgjafarnefndar sammála að gott skipulag hafi verið á gögnum og þau vel unnin, tíðni funda hafi verið góð, traust verið á milli stofnunarinnar og nefndarinnar og stofnunin ávallt brugðist við athugasemdum. Hins vegar komu fram ábendingar að hafa dagskrá funda formlegri m.a. til að tryggja að öll málefni væru rædd.

Varðandi betrubætur var rætt um að skerpa á hlutverki ráðgjafarnefndarinnar, gefa meiri tíma við mótun tillögunnar þ.m.t. fyrir umfjöllun nefndarinnar um umhverfismatsvinnu, sviðsmyndagreiningu og niðurstöður af samráðsvettvangi.

2 Inngangur

Skipulagsstofnun ákvað í upphafi árs 2013 að ráðast í það verkefni að rýni ferli við mótun fyrstu landsskipulagsstefnu á Íslandi. Megin ástæður þess voru að kortleggja reynslu og lærdóm sem skapaðist við ferlið, meta hvað hafði gengið vel og hvað mætti bæta.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 skal umhverfisráðherra leggja fram landsskipulagsstefnu, sem er endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Tillaga að landsskipulagsstefnu 2013-2014 er fyrsta stefna sinnar tegundar á Íslandi. Ýmsar þjóðir hafa mótað sambærilegar stefnur eða landsskipulag og hafa þær í flestum tilvikum tekið margvíslegum breytingum ásamt verklagi við mótun þeirra eftir því sem reynsla safnast. Það er því mikilvægt að draga saman sem fyrst reynslu af gerð fyrstu landsskipulagsstefnu á Íslandi, þannig að unnt sé að betrumbæta verklag og styrkja það sem vel var gert.

Skipulagsstofnun ákvað að hafa ferlið við mótun landsskipulagsstefnu opið, þ.e. að öllum var boðið að taka þátt með því að mæta á fundi, allir höfðu aðgengi að gögnum og allir gátu komið ábendingum og athugasemdum á framfæri.

Rýni á ferlinu var samstarfsverkefni Skipulagsstofnunar og VSÓ Ráðgjafar og er þessi skýrsla samantekt á helstu niðurstöðum þess. Niðurstöðurnar byggja allar á upplýsingum sem komið hafa fram í rýnihópum og netkönnun. Það var talsverð samfella í ábendingum rýnihópanna og greinilegt að samhljómur var um það sem vel var gert og það sem þarf að bæta.

3 Tilgangur

Tilgangur verkefnisins var að:

- ▶ Rýna ferlið við mótun landsskipulagsstefnu
- ▶ Leggja mat á hvernig ferlið nýttist til að ná fram markmiðum:
 - > Móta landsskipulagsstefnu í virku samráði við sveitarfélög og samtök þeirra, opinberar stofnanir og hagsmunasamtök (skv. reglugerð um landsskipulagsstefnu)
 - > Tryggja að almenningur eigi þess kost að fylgjast með mótun landsskipulagsstefnu og koma á framfæri ábendingum og athugasemdum í vinnuferlinu (skv. reglugerð um landsskipulagsstefnu)
 - > Skapa traust og trúverðugleika á ferlið
- ▶ Fá viðbrögð við uppsetningu og fyrirkomulag funda sem haldnir voru á vegum Skipulagsstofnunar
- ▶ Rýna þátttöku og hlutverk ráðgjafarnefndarinnar
- ▶ Draga lærdóm af ferlinu til að betrumbæta verklag fyrir endurskoðun landsskipulagsstefnu

4 Vinnuferli Skipulagsstofnunar

4.1 Almennt um vinnuferlið

Skipulagsstofnun setti á fót samráðsvettvang vegna mótunar landsskipulagsstefnu 2013-2024. Stofnunin sendi boð til sveitarfélaga, opinberra stofnana, fyrirtækja sem sinna grunngerð og samtaka á sviði atvinnuvega og náttúruverndar. Einnig var þeim aðilum eða einstaklingum sem telja sig hafa hagsmuna að gæta eða hafa sérstakan áhuga á að fylgjast með, boðið að skrá sig á samráðsvettvang.

Skipulagsstofnun boðaði til margvíslegra funda, alls 17 fundir, sem voru almennir kynningarfundir, fundir á samráðsvettvangi og rýnifundir. Allir fundir voru hluti af samráði í ferlinu, fjórir fundir í Reykjavík í tengslum við mótun tillögu og auk þess kynningarfundir í einstökum landshlutum. Jafnframt var starfræktur póstlisti þar sem þátttakendur á samráðsvettvangi voru upplýstir um framvindu verkefnisins og hvattir til að koma á framfæri athugasemdum.

Ferlið við mótun landsskipulagsstefnu hófst með ákvörðun ráðherra um áherslur stefnunnar, 30. september 2011. Frá þeim tíma hefur Skipulagsstofnun gefið út margvísleg gögn og eru þau helstu: Lýsing landsskipulagsstefnu, forsenduskjöl, sviðsmyndir og sviðsmyndagreining, drög að landsskipulagsstefnu 2013-2024, drög að umhverfisskýrslu, tillaga að landsskipulagsstefnu, og uppfærð tillaga að landsskipulagsstefnu 2013-2024 ásamt viðbrögðum við athugasemdum.

Öll gögn í ferlinu, þ.e. ofangreind gögn, forsendur og ýmis fylgiskjöl, hafa verið aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar. Þar var einnig hægt að senda inn athugasemdir við viðkomandi gögn.


Þann 20. desember 2012 skilar Skipulagsstofnun tillögu sinni að landsskipulagsstefnu til umhverfis- og auðlindaráðherra. Ráðherra mótaði í kjölfar þess tillögu að þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2013-2024.

4.2 Þátttakendur í ferlinu

Fjöldmargir aðilar þáðu boð Skipulagsstofnunar um þátttöku á samráðsvettvangi og voru 128 tengiliðir á sérstökum póstlista og skráðir þátttakendur á samráðsfundum voru alls 544. Auk þeirra komu margir á opna kynningarfundir og sendu inn athugasemdir og ábendingar við vinnslutillögu að landsskipulagsstefnu. Alls bárust 65 athugasemdir við auglýsta tillögu. Þar af voru 60 frá sveitarfélögum, opinberum stofnunum, fyrirtækjum og ýmsum samtökum, en 5 komu frá einstaklingum.

Fundir sem Skipulagsstofnun boðaði til voru 17 talsins. Þetta voru fundir um landsskipulagsstefnu og hálendið í 21. nóvember til 6. desember 2011, samráðsfundur um áherslur 3. febrúar 2012, samráðsfundur um sviðsmyndir 29. mars og 18. apríl 2012, samráðsfundur um drög að landsskipulagsstefnu 17. ágúst 2012, og 8 kynningarfundir um tillögu að landsskipulagsstefnu í október og nóvember 2012.

Alls mættu um 291 á samráðsfundi á tímabilinu 3. febrúar til 17. ágúst 2012. Greining á þátttakendum á þessum samráðsfundum leiðir í ljós að flestir voru frá sveitarfélögum og samtökum þeirra, eða 35% þátttakenda. Fulltrúar opinberra stofnana voru 22%, 13% komu frá háskólum og 9% frá frjálsum félagasamtökum (Mynd 4.1).



5 Nálgun verkefnis

5.1 Aðferðarfræði og þátttakendur

Ákveðið var að byggja rýni á ferlinu á sjónarmiðum og viðhorfi þátttakenda í ferlinu, þ.e.a.s. þeirra sem tóku þátt í samráðsfundum, rýnifundum, ráðgjafarnefndinni og / eða sendu inn athugasemdir og ábendingar.

Til að nálgast þátttakendur voru annars vegar boðaðir rýnifundir og hins vegar var gerð netkönnun.

Rýni á ferlinu tók til ákveðinna áfanga og verkþátta í vinnu Skipulagsstofnunar (Mynd 7.1). Áherslur ráðherra voru ekki sérstaklega til umræðu eða gerð þingsályktunartillögu.

5.1.1 Spurningakönnun á Netinu

Netkönnun var send á alla þátttakendur í landsskipulagsferlinu sem voru með skráð netfang. Alls bárust 92 svör og voru spurningar af sama toga og spurningar sem lagðar voru fyrir rýnihópa. Auk spurninga var unnt að koma með ábendingar um það sem betur má fara í mótun landsskipulagsstefnu og nýttu margir sér þann möguleika.

5.1.2 Rýnihópar

Boðaðir voru 6 rýnihópar. Hópum var skipt eftir hagsmunahópum og voru eftirfarandi:

- ▶ Fulltrúar frá háskólum
- ▶ Framkvæmdaraðilar
- ▶ Frjáls félagasamtök
- ▶ Vestfirðir
- ▶ Blandaður hópur fagstofnana, ráðuneyta og samtaka
- ▶ Ráðgjafarnefnd og samtök sveitarfélaga.

Á rýnifundum voru 4-6 fundarmenn og alls tóku 28 aðilar þátt. Allir hópar fengu sambærilegar spurningar til umfjöllunar, en ráðgjafarnefndin fékk auk þeirra sérstakar spurningar um hlutverk nefndarinnar.

Á fundum voru spurningar bornar undir hvern og einn og í kjölfarið voru opnar umræður, sem voru líflegar og fundarmenn reiðubúnir að veita upplýsingar sem eftir var leitað og leggja fram tillögur um betrumbætur á vinnuferlinu. Allir fundir voru hljóðritaðir til að tryggja að umræður skiluðu sér í úrvinnslu.

5.2 Úrvinnsla og framsetning

Þessi skýrsla er samantekt á þeim viðbrögðum, ábendingum og hugleiðingum sem komu fram á rýnifundum og í netkönnun. Í einhverjum tilvikum hefur orðalagi verið breytt þegar sambærileg umfjöllun er dregin saman, en að öðru leyti er það sem fram kemur í köflum 7-14 beint frá þátttakendum komið.


Í skýrslunni er gerð grein fyrir umræðum rýnihópa og niðurstöðu netkönnunnar fyrir ákveðin viðfangsefni vinnuferlisins. Sérstakur kafli er fyrir hvert viðfangsefni, sem gerir grein fyrir spurningum sem lagðar voru fram, ábendingum sem fram komu og loks er gerð grein fyrir tillögum þátttakenda að úrbótum.

Í kafla 16 draga skýrsluhöfundar saman niðurstöður m.t.t. þeirra spurninga sem lagðar voru fram og lagt mat á það hvort markmiðum við mótun landsskipulagsstefnu hafi verið náð.

6 Rýni á vinnuferli

Leitað var eftir álitum þátttakenda á vinnuferlinu við mótun landsskipulagsstefnu og var því skipt upp í 8 viðfangsefni (Mynd 6.1), sem eru:

- (1) ferlið sjálft (kafli 7),
- (2) samráð og samráðsfundir (kafli 8),
- (3) skipulagslýsing (kafli 9),
- (4) sviðmyndir og sviðsmyndagreining (kafli 10),
- (5) umhverfisskýrsla (kafli 11),
- (6) athugasemdir og svör við mótun tillögu að landsskipulagsstefnu (kafli 12),
- (7) traust og trúverðugleiki (kafli 13) og
- (8) ráðgjafarnefndin (kafli 14).




7 Ferlið

7.1 Almennt um ferlið

Vinnuferli Skipulagsstofnunar við mótun tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024 hófst þegar umhverfisráðherra hafði tekið ákvörðun um áherslur stefnunnar. Ferlið tók síðan til alls vinnuferlisins þar til búið var að móta tillögu að stefnu (Mynd 7.1).

Ferlið, hófst 30. september 2011, þegar umhverfisráðherra felur Skipulagsstofnun að vinna að gerð landsskipulagsstefnu og leggur fram áherslur hennar. Ferlinu lýkur þann 15. desember 2012, þegar Skipulagsstofnun skilar tillögu að stefnu til umhverfisráðherra.

Í ferlinu voru birt margvísleg gögn svo sem í tengslum við samráðsfundi, og lögð fram (1) lýsing skipulagsverkefnis og matslýsing, (2) forsenduskjöl, (3) kynningar á sviðsmyndum, (4) drög að landsskipulagsstefnu og umhverfisskýrslu, (5) auglýst tillaga, (6) greinargerð og svör við innkomnum athugasemdum og loks (7) endanleg tillaga Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu til ráðherra.



Mynd 7.1 Ferli og fundir við mótun landsskipulagsstefnu sem voru til skoðunar í rýni á ferlinu

7.2 Umfjöllun


Í mati á vinnuferlinu var leitast við að fá fram sjónarmið um:

- ▶ Var ljóst að um vinnuferli væri að ræða?
 - > Tilgangurinn var að fá umræðu um það hvort að þátttakendur áttuðu sig á að um ferli væri að ræða, sem að endaði með tillögu að landsskipulagsstefnu.
- ▶ Var framvinda vinnunnar skýr?
 - > Tilgangurinn var að fá umræðu um hvort þátttakendur teldu framvindu vinnunnar skýra, þ.e. að tenging milli einstakra skrefa í ferlinu væru skiljanleg.

- ▶ Uppsetningu ferlisins?
 - > Tilgangurinn er að fá umræðu um nálgun Skipulagsstofnunar á hönnun ferlisins, þ.e. heimasíða, fundir, aðgengi o.fl.

7.2.1 Netkönnun

Niðurstaða í netkönnun er á þann hátt að 55% eru frekar eða mjög sammála um að framvindan hafi verið skýr, en 11% frekar til mjög ósammála (Mynd 7.2).



7.2.2 Umfjöllun rýnihópa og athugasemdir úr netkönnun

Flestir í rýnihópum voru þeirrar skoðunar að í upphafi var ljóst að um ferli væri að ræða, sem lyki með tillögu að landsskipulagsstefnu. Almenn var sú skoðun ráðandi að tekist hafi að hafa mjög opið ferli og að framvinda þessi hafi verið skýr og vel stýrt af Skipulagsstofnun. Engu að síður komu ábendingar um að skerpa ætti á tilgangi einstakra þrepa og kynna betur hver væri tilgangur þeirra ásamt því hvernig yrði unnið úr þeim upplýsingum sem kæmu fram á fundum.

Nær allir í rýnihópum töldu þann tíma sem áætlaður var í vinnu við mótun landsskipulagsstefnu alltof skamman. Margir töldu að verkefnið hafi að einhverju leiti liðið fyrir það.

Eftirfarandi eru helstu ábendingar sem komu fram um ferlið, sem skipt er upp í flokkana jákvæðar og ýmsar ábendingar. Eftirfarandi eru beinar tilvísanir í athugasemdir en skýrsluhöfundar hafa í sumum tilvikum dregið saman í eina málsgrein þær athugasemdir sem eru sambærilegar og lagfærðu orðalag án þess að breyta inntaki athugasemda.

Jákvæðar ábendingar

- ▶ Það var mjög skýrt strax í upphafi að um ferli væri að ræða.
- ▶ Framvinda var skýr. Skipulagsstofnun lagði fram vinnuferli sem var fylgt eftir.

- ▶ Kynning á ferlinu var góð.
- ▶ Gögn sem Skipulagsstofnun lagði fram í ferlinu voru aðgengileg.
- ▶ Ferlið var opið og í lýðræðislegum anda og margir tóku þátt.
- ▶ Með því að hafa ferlið opið og hafa fyrirkomulag funda mismunandi komu fram ólík sjónarmið.
- ▶ Hægt var að koma að athugasemdum og ábendingum og þær höfðu áhrif á mótun tillögu.
- ▶ Mikil ánægja var með ferlið og þátttakendur voru vel upplýstir.
- ▶ Vinnubrögð Skipulagsstofnunar voru vönduð. Verkefnisstjóri við gerð landsskipulagsstefnu tók þetta mjög föstum tökum og gerði þetta mjög skipulega. Það smitaði út frá sér og ýtti undir traust og trú á ferlinu.
- ▶ Nálgun Skipulagsstofnunar er öðrum til fyrirmyndar við áætlanagerð. Verklagið vel sett fram í upphafi, sérstaklega þegar tekið er mið af því að óljóst var hvernig ætti að standa að gerð landsskipulagsstefnu.

Ýmsar ábendingar

- ▶ Það var nokkuð ljóst að um ferli væri að ræða, en í upphafi var ekki víska um hvers konar ferli væri í bígerð.
- ▶ Það tók tíma að átta sig á ferlinu. Í upphafi var ekki ljóst hvað fólst í landsskipulagsstefnu.
- ▶ Fyrir þá sem sóttu ekki fundina, þá var ekki ljóst að um ferli væri að ræða.
- ▶ Vantaði nauðsynleg gögn til að hægt væri að móta framtíðarstefnu um málefni landsskipulagsstefnu. Grunnöggn um stöðu málaflokkana sem voru til umfjöllunar liggja ekki fyrir.
- ▶ Það var mjög stuttur tími, sem ætlaður var til að vinna að mótun stefnunnar. Það er ekki trúverðugt að vinna stefnu á svo skömmum tíma.
- ▶ Skorti á að skýra næstu skref og hvernig ætti að vinna með þær upplýsingar og gögn sem komu fram á fundum. Stundum virtist innihald umræðna hverfa í ferlinu.
- ▶ Það vantaði brýr á milli skrefa við mótun tillögunnar.
- ▶ Skipulagsstofnun lagði fram mikið af gögnum. Þau voru öll aðgengileg en það þurfti að gefa sér mikinn tíma ef fara átti yfir þau öll.
- ▶ Við mótun tillögunnar var farið mjög hratt í lokin, þ.e. það komu stórir kaflar í lokin og það var erfitt að fylgjast með breytingum.
- ▶ Ef ekki var mætt á rýnifundinn með sviðsmyndum, þá var erfitt að skilja framvinduna og hvernig tillagan mótaðist.
- ▶ Það var óljóst hvernig þetta ferli snéri að almenningi. Þátttakendur voru flestir fulltrúar fagstofnana, sveitarfélaga, félagasamtaka, fyrirtækja eða annarra hagsmunaaðila.
- ▶ Það er óvíska um framvindu stefnunnar eftir að Skipulagsstofnun skilaði tillögu sinni til ráðherra.

7.3 Tillögur um úrbætur

Helstu ábendingar um það sem má gera betur eða lagfæra við mótun landsskipulagsstefnu snúa að tímaáætlun, að kynna betur og útskýra tilgang funda og huga að því að jafna aðgengi ólíkra aðila að ferlinu.

Almennt þarf að skýra betur út helstu hugtök í ferlinu s.s. sviðsmynd, búsetumynstur og lýsing skipulagsverkefnis.

Í lok funda ætti að gera grein fyrir því hvernig Skipulagsstofnun ætlar að vinna með gögnin sem safnað var og hvað yrði gert á næsta fundi. Í upphafi funda væri gott að rifja upp það sem gert var á síðasta fundi.


8 Samráð og samráðsvettvangur

8.1 Almennt um samráð og samráðsvettvanginn

Skipulagsstofnun lagði áherslu á samráð í vinnuferlinu og að ferlið væri opið, þ.e. að allir sem hefðu áhuga gætu tekið þátt í því. Þessum áherslum var m.a. fylgt eftir með því að stofnunin mótaði sérstakan samráðsvettvang, boðaði til margvíslegra funda, birti öll gögn vinnunnar á heimasíðu sinni og hélt kynningarfundum um tillöguna.

Skipulagsstofnun notaði mismunandi aðferðir við samráð og form funda á samráðsvettvangi, svo sem við mótun áherslna og rýni sviðsmynda. Þannig var á fundum hægt að velja þemu, gestum var úthlutað þemu, haldnir minni fundir þar sem gestir völdu sér borð og svo stórir upplýsingafundir.

Í netkönnun var spurt um þátttöku á fundum og er þátttakan sambærileg milli ólíkra funda (Mynd 8.1).



Mynd 8.1 Þátttaka á fundum. Fjöldi svara 87.

8.2 Umfjöllun


Í mati á vinnuferlinu var leitast við að fá fram sjónarmið þátttakenda um:

- ▶ Hvort að tilgangur samráðs hafi verið skýr?
 - > Markmiðið var að fá umræðu um það hvort að þátttakendur áttuðu sig á tilgangi Skipulagsstofnunar með samráðinu.
- ▶ Viðhorf þátttakenda gagnvart mismunandi formi funda.

- > Tilgangurinn var að fá viðbrögð um form fundanna, hvaða form funda henti betur í vinnu sem þessari.

8.2.1 Netkönnun

Niðurstaða í netkönnun er á þann hátt að 68% eru frekar eða mjög sammála um að tilgangur samráðs hafi verið skýr, en 9% frekar til mjög ósammála (Mynd 8.2).



8.2.2 Umfjöllun rýnihópa og athugasemdir úr netkönnun

Almennt voru rýnihópar sammála því að ferlið hafi verið opið, auðvelt hafi verið að gera athugasemdir og í flestum þótti tilgangur með samráði Skipulagsstofnunar í ferlinu vera skýr. Fram kom oftast en einu sinni að ferlið hafi verið til fyrirmyndar. Ýmsir tjáðu þá skoðun sína að þessi nálgun varð til þess að þeim fannst þeir vera raunverulegir þátttakendur í mótun tillögunnar.

Það var jafnframt talsverð umræða í hópunum um að það fylgi því ákveðnir gallar að hafa ferlið svona opið og boða til stórra funda. Talsvert var rætt um vægi hópstjóra og að samantekt þeirra á fundum var ekki endilega að endurspegla sjónarmið meirihlutans eða umfjöllun sem átti sér stað. Þá var bent á það oftast en einu sinni að ekki hafi verið ljóst hvernig Skipulagsstofnun hefði notað afurðir fundanna.

Það komu margar ábendingar um mikilvægi þess að ræða einstök málefni í smærri hópum og að Skipulagsstofnun ætti að sjá um hópstjórahlutverkið.

Eftirfarandi eru helstu ábendingar sem komu fram um ferlið, sem skipt er upp í flokkana jákvæðar og ýmsar ábendingar. Eftirfarandi eru beinar tilvísanir í athugasemdir en skýrsluhöfundar hafa í sumum tilvikum dregið saman í eina málsgrein þær athugasemdir sem eru sambærilegar og lagfærðu orðalag án þess að breyta inntaki athugasemda.

Jákvæðar ábendingar

- ▶ Tilgangur samráðs var skýr og næg tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri.
- ▶ Tilgangur samráðs var kynntur vel fyrir þeim sem skráðu sig á samráðsvettvang, en kynning fyrir almenning var ekki eins skýr.
- ▶ Það var mjög víðtæk og breið þátttaka á samráðsvettvanginum. Það var jákvætt hvað það tóku margri þátt í þessari vinnu.
- ▶ Samráðsferlið var vel til þess fallið að leita eftir ábendingum. Það var mjög gott samráð í allri vinnunni. Það var hægt að senda ábendingar eftir fundi og það var gert eitthvað með þær ábendingar.
- ▶ Það var gott að blanda saman ólíku fyrirkomulagi funda. Fjölbreyttur hópur tók þátt í samráði og mismunandi skoðanir komu upp. Ólíkt fyrirkomulag funda nýttust vel til að heyra og fá fram ólík sjónarmið.
- ▶ Það voru miklar væntingar hjá hagsmunaaðilum að hafa áhrif á mótun landsskipulagsstefnunnar.
- ▶ Fundir voru oftast skemmtilegir. Það var gott að geta valið sér viðfangsefni á fundum.
- ▶ Uppsetning funda var góð. Hún varð til þess að það var mjög auðvelt að koma að athugasemdum, þótt ekki væri alveg ljóst hvernig var unnið með þær eftir fundinn.
- ▶ Oftast var góð dreifing á borðum og ólík sjónarmið voru rædd.
- ▶ Skipulagsstofnun lagði sig fram að hafa ferlið opið. Skipulagsstofnun hafði góða umsjón, fundarstjórn og utanhald um fundina.

Ýmsar ábendingar

- ▶ Tilgangur með samráði var ekki skýr og viss um að hann hafi ekki verið öllum ljós.
- ▶ Þessi opna nálgun Skipulagsstofnunar bar með sér merki sýndarsamráðs, þar sem það væri alltaf í höndum Skipulagsstofnunar að velja þau efni sem fram koma á fundum sem fá framgang í landsskipulagi.
- ▶ Stefnumörkun og áherslur landsskipulagsstefnu er umfangsmikið verkefni. Svo viðamikil málefni þurfa að fá að þróast í góðum tíma. Það að ræða áherslur á 2ja tíma fundi er alltof skammur tími.
- ▶ Það fór mikill tími í margvíslega umræðu og því náðist ekki fókus á mikilvæg málefni eða þau rædd af nægilegri dýpt.
- ▶ Á fundum fór stundum of mikill tími í kynningar á ákveðnum málefnum og þ.a.l. var of lítill tími til að ræða málefni á borðum. Einnig höfðu kynningar um málefni mjög stýrandi áhrif á umræður.
- ▶ Það kom á óvart að heyra að umfjöllun á fundum var notuð til að rökstyðja tillögu að landsskipulagsstefnu. Slík nálgun getur ekki verið mjög fagleg, þar sem um stutta fundi er að ræða og mörg stór málefni eru til umræðu.
- ▶ Tímasetning funda þarf að taka tillit til ólíkra hópa s.s. sjálfbóðaliða hjá frjálsum félagasamtökum og þátttakenda frá landsbyggðinni.
- ▶ Vægi hópstjóra var of mikið. Þeir voru stundum mjög fyrirferðarmiklir í umræðu og samantekt sem kynnt var í lok funda var ekki að endurspeglar umræðu hópsins. Þeir sem sátu við borðið voru ekki alltaf sammála samantekt hópstjóra.
- ▶ Hópstjórar voru ekki alltaf að passa upp á að allir kæmu sínum sjónarmiðum á framfæri eða hefðu tækifæri til að tala.
- ▶ Fólk hefur tilhneigingu til að velja borð þar sem það þekkir vel sessunauta. Það er mikilvægt að blanda samsetningu við borðin til að fá fram og heyra fleiri sjónarmið.
- ▶ Það varð stundum mjög einsleit umræða á borðum.

- ▶ Á samráðsfundum var gott að geta valið borð eftir viðfangsefni. Við það eru þó kostir og gallar. Annars vegar er gott að heyra ný og mögulega önnur sjónarmið en það er einnig mikilvægt að nýta sérhæfingu og þekkingu gesta.
- ▶ Þegar á að móta landsskipulagsstefna þarf það að byggja á fleiru en því sem fólki finnst á rýnifundum, því það er svo margt sem kemur þar fram. Þess vegna er ekki hægt að grundvalla stefnuna á umræðum á samráðsvettvangi.
- ▶ Hagsmunaaðilar voru með mjög sterka rödd á samráðsvettvangi á meðan almenningur átti erfiðara með að taka þátt eða hafa áhrif.
- ▶ Það er ekki ljóst hversu aðgengilegt samráðsvettvangurinn var fyrir aðra en þá sem skráðu sig í upphafi.

8.3 Tillögur um úrbætur

Það komu margar ábendingar um að mikilvægt væri að starfsfólk Skipulagsstofnunar tækju að sér að vera hópstjórar eða aðrir hlutlausir aðilar, til að tryggja betur að flest sjónarmið skili sér inn í mótun landsskipulagsstefnu. Í umræðum í rýnihópum komu fram efasemdir að réttar niðurstöður úr umfjöllun á fundum hafi farið áfram til Skipulagsstofnunar, þar sem samantekt hópstjóra var ekki alltaf að endurspegla alla umræðu funda. Þá komu einnig fram umræða um að hægt væri að hertaka málefni á fundum, þ.e. að hagsmunaaðilar hafi valið ákveðin borð og málefni til að hafa áhrif á niðurstöðu umræðna.

Ábendingar komu um tímasetningar funda og þarf að huga að því til að ná til flestra hagsmunaaðila. Einnig var lagt til að nýta fjárfundarbúnað eða aðra tækni til að tryggja þátttöku þeirra aðila sem að öðrum kosti þurfi að leggja í nokkurt ferðalag til að komast á fundi. Þessi tillaga byggir einnig á því sjónarmiði að tryggja að flest sjónarmið komist til skila og að jafna vægi hagsmuna við mótun tillögunnar.

Lagt er til að boða til fleiri og smærri funda. Tilgangurinn er að ná fram meiri dýpt í umræður um einstök viðfangsefni og tryggja faglegri grunn í því sem kemur úr samráðsferlinu inn í landsskipulagsstefnuna. Jafnframt yrði umfjöllun á slíkum að einhverju leyti skarpari og skýrar. Varðandi umfang funda var lagt til að fyrstu og síðustu fundirnir yrðu stórir, en minni fundir á meðan vinnslu tillögu stendur.

Margir lögðu til að Skipulagsstofnun myndi skerpa enn frekar á tilgangi funda, þ.e. greina þátttakendum frá markmiðum funda og hvernig ætlunin sé að vinna með það efni sem safnast á fundinum.

Ábending kom um að dreifa spurningalista eftir fundi um ákveðin viðfangsefni, til að þátttakendur haldi áfram að hugsa og geti komið með ábendingar í kjölfar funda. Oft hafi margt verið rætt á fundum og ekki alltaf auðvelt að koma öllum hugsunum til skila innan fundartíma.

Talið er mikilvægt að hittast oftar og gefa meiri tíma í vinnslu tillögunnar. Hluti þess er að leyfa málefnum að þorskast.

9 Skipulagslýsing

9.1 Almennt um skipulagslýsingu

Skipulags- og matslýsing er afurð, þar sem gerð er grein fyrir því sem gera á í skipulagsvinnunni. Um er að ræða nýjung sem var innleidd með lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og nýjum skipulagslögum nr. 123/2010.

Talsverð umræða hefur verið um landsskipulagsstefnu í öllu ferlinu og áður en vinnan hófst. Í þeirri umræðu var m.a. rætt um tilgang, umfang, gildi, hversu bindandi hún ætti að vera, hvaða gögn yrðu til grundvallar, o.fl. Samkvæmt skipulagslögum og –reglugerð er skipulagslýsing m.a. tæki sem er ætlað að skýra út fyrir hagsmunaaðilum og almenningi vinnuna sem er framundan, að hverju er stefnt og hvernig verði staðið að vinnunni.

9.2 Umfjöllun

Í mati á vinnuferlinu var leitast við að fá fram sjónarmið þátttakenda um:

- ▶ Skipulagslýsingu landsskipulagsstefnu
 - > Tilgangur umfjöllunar í rýnihópum var að fá upplýsingar um hvernig þátttakendur nýttu sér lýsinguna.

9.2.1 Netkönnun

Ekki var spurt um lýsingu í netkönnun.

9.2.2 Umfjöllun rýnihópa

Megin niðurstaðan er sú að mjög fáir kynntu sér efni lýsingarinnar. Þeir sem höfðu gert það töldu þetta mikilvægan þátt í ferlinu m.a. til að tryggja að nauðsynleg gögn yrðu lögð fram til grundvallar stefnunnar.

Eftirfarandi eru helstu ábendingar sem komu fram um ferlið, sem skipt er upp í flokkana jákvæðar og ýmsar ábendingar. Eftirfarandi eru beinar tilvísanir í athugasemdir en skýrsluhöfundar hafa í sumum tilvikum dregið saman í eina málsgrein þær athugasemdir sem eru sambærilegar og lagfærðu orðalag án þess að breyta inntaki athugasemda.

Jákvæðar ábendingar

- ▶ Lýsing er mikilvægt tæki í allri skipulagsvinnu.
- ▶ Ágætlega er gerð grein fyrir því hvernig ferlið yrði. Bæði á fundi og gögnum. Það var mjög skýrt hvernig ferlið yrði og framvinda.

Ýmsar ábendingar

- ▶ Lýsing var ekki mjög eftirminnileg í ferlinu.
- ▶ Lýsing var ekki lesin og ekki almenn þekking á tilgangi lýsingar.
- ▶ Skildi ekki mikilvægi hennar eða hvernig ætti að nýta hana. Það tók tíma að átta sig á verkefninu í heild sinni og fólk áttaði sig ekki á mikilvægi lýsingar í ferlinu, þar sem hún var birt í upphafi verkefnis.
- ▶ Nýttu sér ekki þetta stig til að koma að gögnum sem ætti að vinna með.
- ▶ Það var ekki gætt jafnræðis milli áætlana sem lagðar voru til grundvallar mótun landsskipulagsstefnu.
- ▶ Þetta er mikilvægt tæki en þarf e.t.v. að kynna betur og mikilvægi þess.
- ▶ Mikilvægt að kynna betur fyrir háskólasamfélaginu. Það er svo mikill skortur á gögnum og rannsóknnum.

9.3 Tillögur um úrbætur

Ábendingar komu um að kynna þurfi lýsingu betur til að hún nýtist sem skildi. Sérstaklega var rætt um að kynna betur þær áherslur og hagsmuni sem fjallað verði um og lýsing nýtt til að afla nauðsynlegra grunngagna. Það kom fram í umræðum að almennt skorti á ýmis grunngögn, en einnig að margt væri til sem ekki hafi endilega verið lagt fram.

10 Sviðsmyndir

10.1 Almennt um sviðsmyndir

Skipulagsstofnun lagði fram mismunandi sviðsmyndir fyrir stefnu, annars vegar fyrir hálendið og hins vegar fyrir byggðamynstur. Sviðsmyndirnar voru 5 fyrir hálendið og 3 fyrir byggðamynstur. Sviðsmyndirnar voru m.a. byggðar á áherslum sem fram komu á samráðsvettvangi.

Á rýnifundum um sviðsmyndir voru þátttakendur beðnir um að leggja mat á möguleg umhverfisáhrif viðkomandi sviðsmynda á ákveðna umhverfisþætti.

10.2 Umfjöllun

Í mati á vinnuferlinu var leitast við að fá fram sjónarmið þátttakenda um:

- ▶ Sviðsmyndirnar og umfjöllun um þær
 - > Tilgangurinn var að fá umræðu um framsetningu sviðsmynda, samanburð þeirra og vægi þeirra í mótun landsskipulagsstefnu.
- ▶ Hvernig tekist hefði til um rýnifundi?
 - > Tilgangurinn var að fá fram sjónarmið um aðferðafræði fundanna, þ.e. að hópar rýni hverja sviðsmynd og mati helstu umhverfisáhrif.

10.2.1 Netkönnun

Ekki var spurt um sviðsmyndir í netkönnun.

10.2.2 Umfjöllun rýnihópa

Viðbrögð þátttakenda var almennt á þá leið að ánægja var með þá nálgun að bera saman ólíkar sviðsmyndir og áhrif þeirra á umhverfið, sem var síðan grunnur að mótun tillögunnar. Með samanburði á sviðsmyndum komu fram ólík sjónarmið, sem mikilvægt var að ræða á hreinskiptin hátt.

Talsverð umfjöllun var um mótun sviðsmyndanna. Rætt var um að frekari upplýsingar þurfi að liggja fyrir forsendum og rökstuðningi fyrir inntaki þessara ólíku sviðsmynda. Einnig bentu nokkrir þátttakenda á mikilvægi þess að gefa meiri tíma við úrvinnslu og samanburð sviðsmynda, þar sem hann væri ákveðinn grunnur að hinni eiginlegu landsskipulagsstefnu.

Jákvæðar ábendingar

- ▶ Það var mjög gott að sjá/meta afleiðingar fyrir hverja sviðsmynd og hvern málaflokk. Þessi nálgun bjó til samhengi milli afleiðinga mismunandi ákvarðana um landnotkun. Þegar búið var að fara yfir töflurnar þá var hægt að rekja áhrifin og gott til að fá fundarmenn til að hugsa um afleiðingar.
- ▶ Mjög hreinskiptin og góð umræða á fundum. Mörg atriði sem komu upp og ólík sjónarmið. Mjög gott.
- ▶ Verklagið til fyrirmynda að móta hópa og gera öllum jafnhátt undir höfði. Hins vegar er spurning hvort að vinsa ætti betur út hagsmuni í úrvinnslu.
- ▶ Það tókst virkilega vel til með rýnifundi. Vel stýrt.
- ▶ Skýrar og eðlilegar sviðsmyndir.

- ▶ Gott að sjá ólíkar sviðsmyndir saman og vinna með í töflur um einstaka þætti sviðsmynda og áhrif á umhverfið.
- ▶ Það var samhengi á milli sviðsmynda og tillögu.
- ▶ Það má nota aðra aðferðarfræði við sviðsmyndagreiningu.

Ýmsar ábendingar

- ▶ Bent á að samanburður sviðsmynda var svolítið leiðandi að miðju. Sviðmyndum stillt upp með ýrtruðu virkjunarsjónarmiðum annars vegar og ýrtruðu verndarsjónarmiðum hins vegar. Þannig að það gaf augaleið að flestir myndu velja leiðir nær miðju.
- ▶ Kannski dró formið fólk inn á miðju sviðmynda. Þótt það væri ekki alveg víst að það væri viljinn. Á meðan önnur borð tóku sér stöðu á öðrum endanum á skalanum. Þátttakendur nálguðust verkefnið á ólíkum forsendum.
- ▶ Ekki var ljóst hvernig sviðsmyndirnar urðu til. Hefði mátt rökstyðja betur hverja sviðsmynd og setja fram á myndrænan hátt.
- ▶ Sviðsmyndirnar voru fjölbreyttar og í lagi, en óljóst hvernig unnið var úr þeim til að velja endanlega tillögu, þar vantaði rökstuðning.
- ▶ Sveitarfélögin voru mjög freka og sterka stefnu í hálendismálinu. Fínt að hafa alla saman í upphafi, en síðan að ræða hluti í minni hópum. Það var ekki auðvelt að halda uppi öðrum sjónarmiðum að gegn sjónarmiðum sveitarstjórnar og hagsmunagæsla.
- ▶ Hlaut að vera erfitt að vinna úr þessari greiningu, þar sem sjónarmiðin voru svo ólík. Var virkilega verið að nota þau sjónarmið.
- ▶ Vantaði að gera betur grein fyrir úrvinnslu rýnifundanna og hvernig þeir nýttust við mótun tillögu.
- ▶ Ekki var öllum ljóst hvað sé sviðsmynd.
- ▶ Það skyldi ekki tilgang með þessu. Það þarf meiri tíma en 45 mínútur til að meta.
- ▶ Óskýr mörk á milli sviðsmynda.
- ▶ Óljóst hvað átti að gera á rýnifundum. Umræðan fór vítt og breitt á fundum og það vantaði ákveðinn fókus. Höfðu sjónarmið áhrif?
- ▶ Of lítill tími til að vinna við samanburð á sviðsmyndum.
- ▶ Mjög ríkjandi hagsmunir á umræðuborðum.

10.3 Tillögur að úrbótum

Skerpa þarf á tilgangi með mótun og rýni sviðsmynda. Kynna þarf betur hverja sviðsmynd og forsendur að baki hennar. Fram komu ábendingar um að setja þær einnig fram á myndrænan hátt.

Skýra þarf betur út á rýnifundum hvernig umfjöllun þeirra verði notuð við val á sviðsmynd sem á að vinna með í tillögu.

Fram komu ábendingar að skoða aðra aðferðarfræði við mótun og samanburð sviðsmynda. Ein tillaga var að byrja með autt blað og þátttakendur móti sjálfir sviðsmyndirnar. Megin tilgangur til að skoða aðra nálgun er að fá fram fleiri sjónarmið fyrir hverja sviðsmynd. Ábending að sleppa „miðju“ tillögu, þ.e. sú sem einhvers konar málamiðlunartillaga.

Gefa þarf lengri tíma við mótun og samanburð sviðsmynda. Um er að ræða mjög mikilvægan þátt í ferlinu og því þarf að ræða sum málefni oft og dýpra, og leita sjónarmiða hagsmunaaðila.

11 Umhverfisskýrsla

11.1 Almennt um umhverfisskýrslu

Landsskipulagsstefna er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Markmið laganna er að tryggja að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við mótun áætlana, dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðlað sé að sjálfbærri þróun.

11.2 Umfjöllun

Í mati á vinnuferlinu var leitast við að fá fram sjónarmið þátttakenda um:

- ▶ Umhverfisskýrslu og matsvinnu í ferlinu
 - > Tilgangurinn var að fá fram upplýsingar um hvort að þátttakendur hefðu kynnst sér umhverfisskýrslu og hvort ljóst væri hver tilgangur matsvinnu væri.

11.2.1 Netkönnun

Ekki var spurt sérstaklega um umhverfisskýrslu í netkönnun.

11.2.2 Umfjöllun rýnihópa

Niðurstaða rýnihópanna var að almennt voru ekki margir sem lásu eða kynntu sér umhverfisskýrsluna í ferlinu. Þeir sem höfðu gert það töldu að umhverfismatið hefði haft áhrif á mótun tillögunnar. Hins vegar kom fram að þó nokkrum var ekki ljóst hvernig ætti að nýta umhverfisskýrsluna eða hver tilgangur matsvinnunnar væri. Einnig komu ábendingar sem snéru að þeim þáttum sem voru til umfjöllunar í umhverfisskýrslunni og hvernig var staðið að mati á áhrifum.

Jákvæðar ábendingar

- ▶ Það var samhengi á milli annars vegar sviðsmyndagreiningar og áhrifamatsins á umhverfið og hins vegar tillögu að landsskipulagsstefnu.
- ▶ Umhverfismatið hafði of mikil áhrif á mótun landsskipulagsstefnu.
- ▶ Ánægja með umhverfisþætti sem voru til skoðunar í matsvinnunni.

Ýmsar ábendingar

- ▶ Umhverfisskýrsla og tillaga að stefnu voru lesin sem sitthvort skjalið en mikið um að sama efnið væri á báðum skjölum.
- ▶ Er það fundar með marga ólíka hagsmunaaðila að meta möguleg áhrif? Er það hagsmunaaðila að meta áhrifin og er það í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Er það fagleg nálgun.
- ▶ Almennt uppteknari af landsskipulagsstefnu og því ekki lögð áhersla á að lesa umhverfisskýrslu.
- ▶ Það þarf að fjalla meira um áhrif á samfélag. Áherslan var mikið á umhverfi og efnahag. Þetta sjónarmið þarf að draga meira fram í matsvinnu og tillögugerð. Velferð og afkoma er slegið saman, en þarf ekki að vera sami hlutur.
- ▶ Ekki skilningur eða þekking á því að umhverfisskýrslan/umhverfismatið nýttist í ferlinu.
- ▶ Ekki samræmi á milli texta umhverfisskýrslu og drög að landsskipulagsstefnu.

11.3 Tillögur um úrbætur

Skerpa betur á tilgangi umhverfismats og tengslum þess við áætlanagerð. Einnig komu ábendingar um að fjalla ítarlegar um umhverfisáhrif og fá sérfræðinga til að fara yfir mat á áhrifum.

12 Athugasemdir og viðbrögð við mótun tillögu

12.1 Almennt um athugasemdir

Mikilvægur þáttur í vinnu við mótun landsskipulagsstefnu var að nýta ábendingar frá samráðsvettvangi og rýnifundum, ásamt því að taka mið af athugasemdum og umsögnum sem bárust við drög að stefnunni. Ferlið var opið og Skipulagsstofnun lagði áherslu á að hafa gögn aðgengileg til rýni og skoðunar.


12.2 Umfjöllun


Í mati á vinnuferlinu var leitast við að fá fram sjónarmið þátttakenda um:

- ▶ Hvort að það hafi verið tækifæri til að koma að athugasemdum í ferlinu?
 - > Tilgangur spurningar var að fá upplýsingar þátttakenda um það hvort tækifæru væru til að gera athugasemdir í ferlinu í heild sinni og við mótun tillögunnar.
- ▶ Hvort að brugðist hafi verið við athugasemdum á skýran máta?
 - > Tilgangur var að fá umfjöllun um það hvort þátttakendum fannst tekið mið af athugasemdum, þeim svarað og hvernig hafi verið að rekja athugasemd og viðbrögð Skipulagsstofnunar.

12.2.1 Netkönnun

Í netkönnun voru 75% frekar eða mjög sammála um að það hefðu verið tækifæri til að koma að athugasemdum í vinnuferlinu, en 10% voru frekar eða mjög ósammála þeirri fullyrðingu. Það var talsvert lægra hlutfall sem taldi að það hafi verið brugðist við athugasemdum á skýran máta, þ.e.a.s. að alls voru það 49% sem voru frekar og mjög sammála um það, en 8% frekar eða mjög ósammála.





12.2.2 Umfjöllun rýnihópa og athugasemdir úr netkönnun

Það var mjög skýr niðurstaða að þátttakendum fannst auðvelt að koma að athugasemdum í ferlinu við mótun landsskipulagsstefnu og að viðbrögð Skipulagsstofnunar hafi verið skýr, þótt aðilar hafi ekki alltaf verið sammála viðbrögðunum. Einnig kom fram að tekið hafi verið mið af athugasemdum við mótun tillögunnar.

Það kom fram hjá flestum að á endanum hafi framsetning Skipulagsstofnunar á framkomnum athugasemdum og viðbrögðum hennar verið góð og til þess fallin að auðvelt var að sjá hvernig tekið var á athugasemdum.

Þó nokkrir bentu á að Skipulagsstofnun lagði fram mikið af gögnum og það hafi verið erfitt að fara í gegnum öll gögn til að fylgjast með. Þar af leiðandi hafi ekki gefist nægur tími til að kynna sér öll gögn og því hafi fólk einbeitt sér að þeim þáttum sem það taldi mikilvægast.

Jákvæðar ábendingar

- ▶ Mjög auðvelt var að koma að athugasemdum í ferlinu. Alltaf hægt að koma með ábendingar eftir fundi. Alltaf í boði að senda athugasemdir með tölvupósti eftir fundina.
- ▶ Skýr framsetning á tillögu, hún vel rökstudd og vel brugðist við athugasemdum. Tillagan fór fram úr væntingum.
- ▶ Viðbrögð við athugasemdum mjög skýr og góð. Málefnalega tekið á athugasemdum.
- ▶ Auðvelt að finna athugasemd og hvernig Skipulagsstofnun tók á þeim. Skipulagsstofnun gerði vel í að fjalla um og taka tillit til athugasemda. Skýr svör og snögg.
- ▶ Það var tiltölulega auðvelt að sjá hvernig tillagan hafði breyst eftir athugasemdir. Sér kafli í lokadrögum gerði það mjög auðvelt að sjá hvað hafði breyst eftir yfirferð athugasemda.
- ▶ Mjög skýrt og vel staðið að þessu í ferlinu. Allar umsagnir og athugasemdir sendar á vefinn. Góð samantekt á athugasemdum. Það var raunverulega verið að taka mið af þeim athugasemdum sem fram komu.
- ▶ Yfirlitsskjalið til fyrirmyndar.

Ýmsar ábendingar

- ▶ Mikið af upplýsingum og erfitt að fylgjast með og gera athugasemdir.
- ▶ Rökstyðja þarf efnislegar breytingar sem verða milli stiga eða útgáfa. Ekki alveg skýrt eða ljóst hvernig breytingar voru tilkomnar. Því ekki alveg ljóst hvernig ferlið skilaði sér í mótun tillögunnar.
- ▶ Ekki sammála efnislegum breytingum á milli stiga, skorti á rökstuðning.
- ▶ Í upphafi, þ.e. við fyrstu drögin var erfitt að finna viðbrögð við athugasemdum. Þurfti að lesa mikið af gögnunum til að finna athugasemdir/svörin. Ekki skýrt af hverju var tekið undir sumar athugasemdir en ekki aðrar.
- ▶ Spurning hvort að tekið sé meira tillit til harðorðra athugasemda.
- ▶ Ekki alveg ljóst hvernig var unnið úr þessu.
- ▶ Ekki auðvelt að koma að athugasemdum á fundum.

12.3 Tillögur að úrbótum

Ábendingar komu um að stýra betur hvað fer í dreifingu og gefa skýran tíma til ábendinga og athugasemda. Mögulegt að vera með ákveðna útgáfudaga, þannig að ljóst sé hvert sé nýjasta skjalið sem er til skoðunar.

Óskað eftir að fá breytingarskjal, þannig að það þurfi ekki að lesa allt aftur. Það var ekki notað „Track changes“. Skýrari framsetning á breytingum myndi spara talsverðan tíma, ef ljóst er hvað breytist á milli útgáfu.

Leggja strax fram yfirlitsskjal með athugasemdum, þannig að ávallt verði auðvelt að sjá hvaða og hvers konar athugasemdir hafi borist og hvernig Skipulagsstofnun hafi fjallað um þær.

13 Traust og trúverðugleiki

13.1 Almennt um traust og trúverðugleika

Mikilvægur þáttur við mótun landsskipulagsstefnunnar var að skapa traust um ferlið, sem var lykilforsenda þess að geta mótað stefnu í samráði við hagsmunaaðila og aðra og fá þá til þátttöku.

13.2 Umfjöllun

- ▶ Spurt var um traust og trúverðugleika sem þátttakendur höfðu gagnvart vinnuferlinu.
 - > Tilgangurinn er að fá fram upplýsingar hvort að nálgun Skipulagsstofnunar hafi náð að skapa það traust sem þurfti til.

13.2.1 Netkönnun

Ekki var spurt sérstaklega um traust og trúverðugleika í netkönnun.

13.2.2 Umfjöllun rýnihópar

Almennt voru þátttakendur mjög jákvæðir gagnvart ferlinu og töldu Skipulagsstofnun hafa nálgast verkefnið á faglegan hátt og með nálgun sinni hafa skapað traust og trúverðugleika á ferlið. Fram komu nokkrar ábendingar þess efnis að endanleg tillaga, þ.e. þingsályktunartillaga, mun koma til með að hafa talsverð áhrif á það hversu trúverðugt hið opna samráðsferli verður að lokum.

Jákvæðar ábendingar

- ▶ Nálgun Skipulagsstofnunar, með að hafa ferlið opið og stuðla að samráði, varð til þess að skapa traust.
- ▶ Ferlið skapaði traust, þar sem það var opið og gegnsætt, lýðræðislegt á þann máta að það tók til fleiri sjónarmiða en miðhálandisskipulagið.
- ▶ Verkið var unnið af heilindum. Jákvætt var hversu vinnan var opin og opið mörgum.
- ▶ Ferlið var opið og því hjálpaði það til að skapa traust. Það verður frekar til þess að stefnan geti haldið þrátt fyrir breytingar í landsstjórn.
- ▶ Landsskipulagsstefna er pólitísk stefna. Faglega unnið að ferlinu.
- ▶ Ferlið og nálgunin skapaði traust og trúverðugleika, þar sem umræðan var hreinskiptin og ólík sjónarmið voru til skoðunar.

Ýmsar ábendingar

- ▶ Ferlið skapaði traust en betri brýr milli þrepa hefðu aukið traustið.
- ▶ Óvissa um hvað gerist eða breytist í tillögunni í meðferð umhverfisráðherra og Alþingis. Undirliggjandi hræðsla við pólitísk afskipti.
- ▶ Á Skipulagsstofnun að vinna að tillögunni, þar sem um pólitíska stefnu er að ræða og áherslur koma frá ráðherra? Það passar ekki við hlutverk Skipulagsstofnunar að vinna að mótun stefnunnar.
- ▶ Samráðsvettvangurinn var hálfgerð sýndarlýðræði. Vinnan við mótun landsskipulagsstefnu byrjar hjá ráðherra og hann hefur lokaorðið, óháð því hvað gerst hefur í samráðinu.
- ▶ Ótrúverðugt hvað lítil tími var áætlaður í vinnuna. Skipulagsstofnun gerði sitt besta, en stuttur tími skapar ótrúverðugleika. Þetta var of stórt efni til að vinna á þessum skamma tíma.
- ▶ Ótrúverðugt að leggja fram landsskipulagsstefnu, þegar það vantar mikið af grunnögnum til að byggja stefnuna á.
- ▶ Forskrift var til staðar og spurning hvað ferlið breytir miklu.
- ▶ Sumt í ferlinu gerði það líka ótrúverðugt, ekki bara tímaleysi.

13.3 Tillögur að úrbótum

Það komu ekki fram sértækar tillögur um úrbætur í umfjöllun um traust og trúverðugleika. Almenn má segja að þær tillögur sem greint hefur verið frá í köflum hér að framan séu til þess fallnar að móta umgjörð um vinnuferli sem hefur trúverðugleika og skapa traust milli þátttakenda.

14 Ráðgjafarnefndin

14.1 Almennt um ráðgjafarnefndina

Fulltrúar í ráðgjafarnefndinni fengu sambærilegar spurningar til umfjöllunar, en auk þeirra voru lagðar fram spurningar um hlutverk nefndarinnar og er gerð grein fyrir ábendingum og umræðu um þær í þessum kafla.

Í fyrstu nefndinni um gerð landsskipulagsstefnu voru skipuð: Sigríður Auður Arnardóttir, formaður, umhverfisráðuneyti, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, skipulagsfræðingur, skipuð án tilnefningar, Dorothee Katrín Lubecki, tilnefnd af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Albertína F. Elíasdóttir, skipuð áheyrnarfulltrúi, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þorsteinn R. Hermannsson, samgönguverkfræðingur, tilnefndur af innanríkisráðuneyti, Helga Barðadóttir, deildarsérfræðingur, tilnefnd af iðnaðarráðuneyti, Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarfræðingur, tilnefndur af forsætisráðuneyti.

Í ráðgjafarnefndinni sátu 8 aðilar, sem voru tilnefndir af umhverfisráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, innanríkisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og forsætisráðuneyti. Á rýnifund komu 4 fulltrúar nefndarinnar.

14.2 Umfjöllun

Var hlutverk ráðgjafarnefndar ljóst? Var hlutverk nefndarmanna ljóst?

- ▶ Í upphafi var ekki ljóst til hvers var ætlast af fulltrúum.
- ▶ Ráðgjafarnefndin var ágætlega skipuð. Umræður voru góðar.
- ▶ Skýrt var hver tilgangur nefndarinnar var. Það tók smá tíma að skilja hlutverkið, fyrstu fundirnir fóru í ýmsa gagnaöflun og þegar leið á vinnuna var skýrara hvers var ætlast af nefndinni.
- ▶ Það var ekki skýrt hver væri ábyrgð ráðgjafarnefndar gagnvart tillögunni að landsskipulagsstefnu. Þannig að skilin milli þess að vera til ráðgjafar og það að taka ákvörðun um ákveðna hluta stefnunnar voru óljós. Línan mætti alveg vera skýrari.
- ▶ Skilningurinn var á þá leið að hlutverk ráðgjafarnefndar væri að hjálpa til við verklag við mótun landsskipulagsstefnunnar og aðstoða við samþættingu áætlana. En síðan þróaðist þetta í það að svara spurningum um einstaka þætti stefnunnar og að móta stefnuna. Það átti ekki að vera hlutverk nefndarinnar.
- ▶ Sjónarmið um hlutverk gátu verið ólík og fóru eftir því hvort nefndarmenn komu frá ráðuneytum eða sveitarfélögum, sem hafa skipulagsvald.
- ▶ Andi laganna um samráð og mótun stefnunnar var þannig að maður gerði ráð fyrir því að nefndin hefði mikið um tillöguna að segja. En endinn á vinnuferlinu var þannig að nefndin hafði í raun lítil völd. Var mjög ósáttur við þá kúvendingu sem verður í ferlinu frá tillögu Skipulagsstofnunar til umfjöllunar ráðherra.
- ▶ Það var ekki leitað mikið í baklandið (þeirra aðila sem nefndarmenn voru fulltrúar fyrir) og ekki gert á markvissan hátt. Leitað var upplýsinga um ákveðin atriði þegar það var talið nauðsynlegt. Gögn sem lögð voru fram á fundum ráðgjafarnefndar voru ekki send áfram til ráðuneytis, m.a. vegna þess að enginn hefði haft tíma að fara yfir þau. Hins vegar var reglulega kynnt hvað væri verið að vinna í nefndinni.
- ▶ Samband íslenskra sveitarfélaga tók mjög virkan þátt og setti á laggirnar sérstaka skipulagsmálanefnd. Nefndarmenn á vegum sveitarfélaga reyndu að upplýsa baklandið.

Hvernig var undirbúningur Skipulagsstofnunar fyrir fundi nefndarinnar? Voru gögn aðgengileg og skýr? Hvernig var verklag á fundum?

- ▶ Skipulagsstofnun vann mjög vel og sá til þess að ýta vinnunni áfram.
- ▶ Tíminn sem var áætlaður fyrir vinnunna var alltof knappur. Þess vegna voru gögn frá Skipulagsstofnun að berast full seint til nefndarmanna og því var ekki hægt að undirbúa sig nægilega fyrir fundi nefndarinnar.
- ▶ Það var útilokað að koma vel undirbúinn fyrir fundi. Því allir nefndarmenn í öðrum störfum.
- ▶ Í upphafi vinnunnar fór mikill tími á fundum að kynna ýmsa hluti. En síðan þegar stefnan var að mótast gerðust hlutirnir mjög hratt. Það er mikilvægt að gefa meiri tíma við mótun tillögunnar.
- ▶ Gögn sem Skipulagsstofnun lagði fram voru vel unninn og mikið skipulag á öllum gögnum.
- ▶ Tíðni funda var góð.
- ▶ Huga þarf að dagskrá funda og hafa hana formlegri. Oft náðist ekki að ljúka við umfjöllun skv. fundardagskrá. Þau atriði voru ekki tekin upp á næsta fundi, heldur voru komin ný atriði sem þurfti að ræða, þannig að ekki náðist að klára ákveðin atriði.

Var framvinda ferlisins ljós á öllum stigum og voru viðeigandi gögn aðgengileg fyrir fundi? Voru efnislegar breytingar eðlilegar í framvindu verkefnisins?

- ▶ Fyrstu fundir fóru í margvíslega umræðu og kynningu á því sem búið væri að gera. Það var stundum farið að bíða eftir því hvenær eitthvað færi að gerast. Það er því erfitt að svara því játandi að framvindan hafi verið ljós.
- ▶ Það hefði mátt byrja að ræða stefnuna sjálfa fyrr, sérstaklega vegna þess hve skammur tími var til stefnu.
- ▶ Fyrstu drög að stefnu fara á Netið á sama tíma og ráðgjafanefndin fékk þau til skoðunar.
- ▶ Gögn voru mjög aðgengileg.
- ▶ Skipulagsstofnun lagði fram gríðarlega mikið af gögnum. Það var ekki alveg ljóst hvað voru nýjustu gögnin. Stundum kom maður með úrelt skjal á fundi. Hugsanlega vegna þess að tíminn var knappur.
- ▶ Vegna þess hversu örar breytingar voru á skjalinu (drög að landsskipulagsstefnu) var erfitt að fylgjast með og hafa yfirsýn yfir breytingar. Það var erfitt að rekja breytingarnar.
- ▶ Það vantaði stundum tengingu við þær áætlanir sem búið er að samþykkja. Samráðsvettvangurinn og umhverfismatið hafði of mikil áhrif á mótun tillögunnar og meira en fyrirliggjandi áætlanir.
- ▶ Samráðsvettvangurinn var ekki skýr og því hægt að stýra talsverðu hvernig menn vildu túlka niðurstöðu samráðsins. Matið hafði til að mynda mikil áhrif á mótun tillögunnar.
- ▶ Það hefði þurft að vera skýrari tengsl við áætlanir.

Hafði nefndin áhrif á mótun lýsingu og tillögu að landsskipulagsstefnu? Var tillagan í samræmi við væntingar? Var traust á milli nefndar og Skipulagsstofnunar?

- ▶ Það var tekið tillit til þeirra athugasemda sem nefndarmenn gerðu og þær skilaðu sér ávallt inn í tillöguna.

- ▶ Það var ávallt brugðist við athugasemdum, en það kom oft fyrir að ráðgjafarnefndin og Skipulagsstofnun voru ekki sammála. Þá virtist vera tilhneiging til þess að stofnunin hefði valdið til að ákveða um viðbrögðin.
- ▶ Stundum þurfti að beita sér mjög mikið fyrir ákveðnum sjónarmiðum við mótun landsskipulagsstefnunnar, s.s. umfjöllun um búsetumynstur. Það var tekið tillit til athugasemda en stundum var nauðsynlegt að vera stífur á sínum sjónarmiðum.
- ▶ Huga þarf að umhverfismatsvinnunni og sviðsmyndunum. Lítil umræða um umhverfismatið í ráðgjafarnefndinni, því það var engin tími til þess. Það sem kom úr matsvinnunni var mjög mótandi við gerð tillögunnar án þess að fá mikla umræðu í nefndinni sjálfri. Það var ákveðin veikleiki í vinnunni.
- ▶ Sviðsmyndirnar voru gríðarlega mótandi fyrir mótun landsskipulagsstefnunnar. Það var engin umræða í nefndinni um niðurstöður samráðsvettvangsins.
- ▶ Nefndin var meira að bregðast við frekar en að móta tillöguna, þ.e.a.s. nefndin var frekar að koma með athugasemdir við stefnuna en að móta hana.
- ▶ Mjög gaman að koma að þessu verkefni, en það lágu ekki fyrir sérstakar væntingar í upphafi.
- ▶ Það voru væntingar, en það er eftir að klára allt ferlið og þá er hægt að sjá hvernig til tókst.
- ▶ Það var mjög miður að sjá þá miklu breytingu sem varð frá auglýstri tillögu að þingsályktunartillögu. Nefndin lagði mikið á sig til að vinna að þessu og endinn verðfelldi alla vinnuna.
- ▶ Verklagið og vinnuferlið náði að móta ágæta áætlun þegar upp var staðið.
- ▶ Það var traust á milli Skipulagsstofnunar og ráðgjafarnefndarinnar.

14.3 Tillögur að úrbótum

Það er nauðsynlegt að gefa meiri tíma við mótun tillögunnar. Tíminn var gríðarlega takmarkandi þáttur í allri vinnunni og miðað við tímaáætlun voru óraunhæf markmið sett fram.

Ýmsar ábendingar komu um verklag funda. Lagt til að verklag verði kerfisbundnara á fundum og leggja fram fundardagskrá t.d. að afgreiða ákveðna kafla á hverjum fundi, gefa skýr tímamörk til að gera athugasemdir við ákveðinn kafla eða atriði, hafa meiri festu í umræðu á fundum og aðilar í ráðgjafarnefnd leggja fram minnisblað eftir hvern fund um athugasemdir eða ábendingar.

Þörf á að tengja landsskipulagsstefnu við þær áætlanir sem búið er að samþykka.

15 Gögn og aðgengileiki

Í netkönnun og rýnihópum var spurt um gögn og hversu aðgengileg þau voru. Almennt voru þátttakendur ánægðir með þau gögn sem Skipulagsstofnun lagði fram. Þau voru skýr, vel skrifuð og aðgengileg á heimasíðu. Miðlun upplýsinga var góð og margir bentu á að starfsfólk Skipulagsstofnunar og verkefnisstjóri hafi verið mjög liðlegt í að senda gögn eða upplýsa um málaflokka, væri þess óskað.

Umfjöllun um gögn og aðgengileika

- ▶ Mjög vel farið með dreifingu gagna og upplýsinga. Hæfilegt magn af pósti og texta.
- ▶ Gögnin komu á heimasíðu í skýrum pökkum.
- ▶ Heimasíðan til fyrirmyndar. Auðvelt að sjá hvar staðan væri í ferlinu og auðvelt að sækja gögn.
- ▶ Gögn á heimasíðu voru til fyrirmyndar.

- ▶ Það vantar að kynna hugmyndafræðina við mótun landsskipulagsstefnu betur. Einnig þarf að kynna andstæð sjónarmið og svör við þeim.
- ▶ Mætti setja fram helstu átakalínur/ólíkar skoðanir um framtíðarstefnu á einfaldan og myndrænan hátt.
- ▶ Gefa þarf skýrari upplýsingar um hagsmunaaðila við mótun landsskipulagsstefnu.
- ▶ Erfitt að fylgjast með framvindu verkefnisins án tölvupósta frá verkefnisstjóra.
- ▶ Hafa stuttar kynningar um einstök atriði og málaflokka í landsskipulagsstefnu, með tengla í ítaratriði.
- ▶ Útbúa dýnamískari leiðir við að fanga athugasemdir og hugmyndir.
- ▶ Bæta við upplýsingum um söguleg atriði.
- ▶ Aðgengi að gögnum skiptir höfuðmáli fyrir almenning, þannig að hann átti sig á hlutverki sínu.

16 Niðurstaða

Tilgangur verkefnisins var að rýna ferlið við mótun landsskipulagsstefnu og var leitað til þátttakenda í ferlinu til að fá fram þeirra skoðun á margvíslegum þáttum vinnunnar við gerð fyrstu landsskipulagsstefnu á Íslandi. Megin niðurstaða þeirrar rýni er að vel hafi tekist til og að Skipulagsstofnun hafi náð að skapa traust og trúverðugleika á vinnu við mótun landsskipulagsstefnu. Það traust hafi verið skapað með opnu samráðsferli og þátttöku hagsmunaaðila á öllum stigum vinnuferlisins.

Almennt voru þátttakendur ánægðir með hvernig staðið var að vinnu við mótun landsskipulagsstefnu og Skipulagsstofnun fékk alls staðar hrós fyrir vel unnin störf.

Þegar umfjöllun og álit þátttakenda á ferlinu er borin saman við kröfur sem koma fram í reglugerð nr. 1001/2011 um landsskipulagsstefnu, þá er ljóst að Skipulagsstofnun hafi náð að móta tillögu að landsskipulagsstefnu í virku samráði við sveitarfélög og samtök þeirra, opinberar stofnanir og hagsmunasamtök og tryggja að almenningur hafi átt kost á að fylgjast með mótun landsskipulagsstefnu og koma á framfæri ábendingum og athugasemdum í vinnuferlinu.

Margvíslegar ábendingar komu fram um betrubætur og koma þær allar til með að nýtast Skipulagsstofnun við mótun verklags við næstu landsskipulagsstefnu.